



Reykjavíkurborg
b.t. Dags B. Eggertssonar, borgarstjóra
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargötu 11,
101 Reykjavík

Sent með tölvupósti á upplýsingar@reykjavik.is

Reykjavík, 2. júní 2021

Efni: Áskorun um að fara í útboð á viðhaldi, rekstri og LED-væðingu götulýsingar

Með bréfi þessu skora Samtök iðnaðarins á Reykjavíkurborg að bjóða hið fyrsta út viðhald, rekstur og LED-væðingu götulýsingar í Reykjavík. Þann 19. maí sl. kvað kærufélag útbóðsmála upp úrskurð í mál nr. 17/2020 Samtök iðnaðarins gegn Reykjavíkurborg og Orku náttúrunnar ohf. þar sem kærufélag lagði fyrir Reykjavíkurborg að bjóða út þjónustu við útskiptingu og uppsetningu LED-lampa í Reykjavík. Einnig má ráða af rökstuðningi kærufélagar að rekstur og viðhald götulýsingar teljist til útboðsskyldrar þjónustu í skilningi laga um opinber innkaup, nr. 120/2016. Samtökin telja brýnt að brugðist sé hratt við úrskurði nefndarinnar og hafist sé strax handa við útboðið. Hagsmunir bjóðenda eru miklir.

Samtökin minna á að þau óskuðu fyrst eftir upplýsingum um viðskipti Reykjavíkurborgar við Orku náttúrunnar með erindi þann 10. september 2019, þar á meðal aðgengi að samningi Reykjavíkurborgar við ON um viðhald og rekstur götulýsingar í Reykjavík. Til að fá aðgang að öllum umbeðnum gögnum var SI nauðugur einn sá kostur að reka málið fyrir úrskurðarnefnd upplýsingamála sem kvað upp úrskurð sinn þann 22. apríl 2020. Miðað við fyrirbyggjandi gögn þótti SI ljóst að Reykjavíkurborg hefði brotið gegn útboðsskyldu sinni með því að bjóða ekki út umrædd viðskipti í samræmi við lög um opinber innkaup. Nú, rúmu einu og hálfu ári síðar, liggur niðurstaða um útboðsskyldu Reykjavíkurborgar loks fyrir.

Samkvæmt gögnum frá Reykjavíkurborg má áætla að á árunum 2021-2025 nemi kostnaður við rekstur, viðhald og LED-væðingu götulýsingar um 2,8 milljarða króna. Umtalsverðir hagsmunir eru undir bæði hjá Reykjavíkurborg, um að efna til samkeppni um innkaupin til að skapa aukna hagkvæmni í umræddum viðskiptum, og fyrir markaðinn að fá að bjóða í svo stórt verk.

Samtök iðnaðarins óska eftir afstöðu Reykjavíkurborgar til framangreindrar áskorunar og upplýsinga um hvenær útboðs á viðhaldi, rekstri og LED-væðingu götulýsingar í Reykjavík sé að vænta. Samtökin ítreka að málið hefur gríðarlega þýðingu fyrir bjóðendum og því brýnt að það tefjist ekki lengur innan stjórnarsýslunnar.

Virðingarfyllst,


Jóhanna Klara Stefánsdóttir,
sviðsstjóri mannvirkjasviðs